

SAMNINGUR UM AÐILD AÐ B-DEILD, SÉREIGNARSPARNAÐUR

| | | |
|-----------------------------|------------|----------------------------|
| Nafn rétthafa (sjóðfélaga): | | Kennitala: |
| Heimilisfang: | | Sveitarfélag og póstnúmer: |
| Heimasími: | Vinnusími: | Netfang: |
| Launagreiðandi: | | Kennitala: |

VÖRSLUAÐILI

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Húsi verslunarinnar, 103 Reykjavík. Kt. 430269-4459, lífeyrissjóðsnúmer 861.
Reikningur fyrir greiðslu iðgjalda: 0515-26-001007

IÐGJALD

Ósk rétthafa um greiðslu mánaðarlegs iðgjalds í B-deild – Séreignarsparnað:

___ 4% (almennt hámark) ___ 2% ___% (annað)

FJÁRFESTINGARLEIÐ

Velja skal eina fjárfestingarleið. Ef engin leið er valin ávaxtast inneign samkvæmt Ævilínu.

- ___ **Ævilleið 1** – Langtímaleið: Markmið safnsins er að skila góðri langtíma ávöxtun með skilvirkri eignadreifingu. Ætluð til að ávaxta safn lengur en til 7 ára.
- ___ **Ævilleið 2** – Varfærin leið: Markmið safnsins er að skila stöðugri ávöxtun með takmarkaðri áhættu. Ætluð til að ávaxta safn lengur en til 5 ára.
- ___ **Ævilleið 3** – Úttektaleið: Markmið safnsins er að varðveita áunna eign, en um leið skila jákvæðri raunávöxtun.
- ___ **Ævilína** – Sjálfvirkur flutningur: Færa iðgjald og inneign úr Ævilleið 1 í Ævilleið 2 við 55 ára aldur og úr Ævilleið 2 í Ævilleið 3 við úttekt.

UPPLÝSINGAR:

Nánar um fjárfestingarstefnu fjárfestingarleiða: Eign er ávöxtuð samkvæmt fjárfestingarstefnu eins og hún er á hverjum tíma. Stefnan er endurskoðuð að jafnaði einu sinni á ári. Gildandi fjárfestingarstefna er aðgengileg sjóðfélögum, m.a. á vef sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er heimilt að gera breytingar á fjárfestingarleiðum, sameina þær, færa eignir í nýja fjárfestingaleið og breyta aldursviðmiðum varðandi flutning milli fjárfestingaleiða, enda sé slíkt tilkynnt sjóðfélaga með hæfilegum fyrirvara, t.d. með bréfi á lögheimili eða á persónulegum sjóðfélagavef (eða svipuðum vettvangi sem þjónar sama tilgangi).

Grundvöllur samnings: Samningur þessi er gerður á grundvelli 9. gr. laga nr. 129/1997, reglugerðar nr. 698/1998 sem og samþykta og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Upphaf greiðslna, uppsögn og útgreiðsla: Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum frá undirritun samningsins. Heimilt er að segja samningi þessum upp með tveggja mánaða fyrirvara.

Rétthafi getur hafið úttekt á innstæðu eða gert sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu, en þó aldrei fyrr en neðangreindum skilyrðum skv. samþykktum vörsluaðila hefur verið fullnægt.

Reglur um endurgreiðslu úr B-deild (séreignardeild).

- Lífeyrisgreiðslur úr B-deild geta hafist þegar sjóðfélaginn er orðinn 60 ára.

Sjóðfélagi getur við töku lífeyris valið um að fá inneign sína í B-deild greidda með annarri hvorri eða blöndu eftirtalinna endurgreiðsluaðferða.

 - Vegna aldurs:** Þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára getur hann tekið inneign sína á séreignarreikningi út í einu lagi eða dreift henni í þann tíma sem hann óskar.
 - Lífrenta:** Inneign hans á séreignarreikningi verði greidd sem lífrenta (annuity) mánaðarlega til æviloka. Velji sjóðfélagi þessa endurgreiðsluleið fellur niður séreignarréttur hans til inneignarinnar, sem fellur þá ekki til erfingja við andlát. Stjórn sjóðsins ákveður við upphaf hvers almanaksárs kjör þau sem gilda skulu um lífrentu á því ári.
- Vegna örorku:** Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er metið 100% af trúnaðarlækni sjóðsins á hann rétt á að fá inneign sína í B deild greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- Vegna andláts:** Við andlát sjóðfélaga, sem á inneign á séreignarreikningi í B-deild, greiðist inneign hans til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Samningur þessi er gerður í einu eintaki. Vörsluaðili sendir rétthafa og launagreiðanda afrit af samningnum.

Staður

Dagsetning

Undirskrift sjóðfélaga

Undirskrift Lífeyrissjóðs verzlunarmanna